

Nd.

298. Frumvarp til laga

um gærumat.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Allar gærur, sem fluttar eru héðan af landi, skulu metnar og vegnar af lögskipuðum gærumatsmönnum. Gærumatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun gæranna, og er útflytjendum skylt að hlýða fyrirmælum þeirra þar að lútandi. Hverri gærusendingu skal fylgja vottorð gærumatsmannsins um, að gærurnar séu metnar og vegnar. Skal sýslumaður eða hreppstjóri votta með undirskrift sinni, að lögskipaður gærumatsmaður hafi undirritað vottorðið i viðurvist hans. Sé hreppstjóri sjálfur útflytjandi gæranna eða ekki búsettur á útflutningsstaðnum, skipar sýslumaður til þess annan hæfan mann. Í vottorði gærumatsmanns skal tilgreind þyngd gæranna saltlausra. Ekki skulu aðrar gærur teljast hæfar til útflutnings en þær, sem eru sæmilega hreinar og þurrar, þegar þær eru vegnar, og vel með farnar og óskemmdar, þegar þær eru fluttar út.

2. gr.

Ráðherra getur mælt svo fyrir, að ákvæði 1. gr. um mat og flokkun á gærum, sem út eru fluttar, skuli einnig ná til gæra, sem seldar eru á innlendum markaði.

3. gr.

Allar gærur skal merkja greinilega með merki kaupfélags þess eða verzlunar, er gærurnar flytur út eða selur til útflutnings. Í merkinu mega aldrei vera færri en tveir bókstafir.

4. gr.

Nánari reglur um mat gæranna, merkingu og meðferð við útskipun setur landbúnaðarráðuneytið í erindisbréfum gærumatsmanna.

5. gr.

Lögreglustjóri skipar gærumatsmann á hverjum útflutningsstað, einn eða fleiri, eftir því sem þörf þykir.

6. gr.

Gærumatsmenn skulu áður en þeir taka til starfa undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samvirkusemi og fara eftir þeim reglum, sem settar eru um það. Ráðuneytið stílar þeim heitið.

7. gr.

Kaup gærumatsmanna greiða kaupfélög þau og verzlunar, er gærur flytja út, eftir því sem ákveðið verður í erindisbréfi gærumatsmanna.

Ekki mega gærumatsmenn þiggja neina þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, eða öðrum, sem við útflutning gæranna eru riðnir, aðra en þá, sem ákveðin er í erindisbréfi. Ekki mega þeir heldur vera í þjónustu þeirra, sem flytja út gærur.

8. gr.

Sá, sem flytur út eða lætur flytja út gærur án þess að gæta fyrirmæla þessara laga um mat og merkingu þeirra, skal sæta sektum frá 200 til 20000 kr. Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Framangreint frv. er sniðið að mestu eftir ullarmatslögum, nr. 107 11. ágúst 1933, að því undanskildu, að ekki þykir ástæða til að skipa yfirgærumatsmenn. Er nauðsyn á slíku mati nú þegar, með því að samningur hefur verið gerður um sölu á 250000 gærum til Ameríku, en þar er það meðal söluskilmála, að gæurnar seljist fob eftir íslenskum mats- og vigtarvottorðum. Löggiltir vigtarmenn eru að vísu til, en ekkert lögnælt gærumat. Mundi sjálfsagt víða mega samrýma það, að vigtarmenn væru jafnframt gærumatsmenn.

Mat það, sem ætlazt er til að lögleiða með þessu frumvarpi, nær að sjálfsögðu til allra gæra, sem enn eru óseldar eða óútfluttar af framleiðslu ársins 1941.

Um einstakar greinar frumvarpsins þykir ekki ástæða til athugasemda.